

25-mar-2015


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árshelmingi 2015

Rekstur	Samstæða 2015	Samstæða 2014	Samstæða 2013	Samstæða 2012	Samstæða 2011
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur	5.711,5	5.756,6	5.351,2	4.924,8	4.397,3
Aðrar tekjur	2,4	11,0	14,4	22,6	30,7
Vöru- og umbúðanotkun	(3.306,7)	(3.469,1)	(3.080,2)	(2.899,1)	(2.515,6)
Laun og tengd gjöld	(1.086,0)	(1.035,3)	(980,7)	(880,2)	(782,7)
Annar rekstrarkostnaður	(794,3)	(731,0)	(780,9)	(696,7)	(661,9)
Afskriftir	(157,0)	(157,2)	(144,2)	(143,2)	(145,4)
Rekstrarhagnaður	369,9	375,0	379,6	328,2	322,4
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(4,2)	14,0	10,1	16,7	20,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(62,7)	(74,3)	(105,2)	(149,6)	804,2
Hagn. fyrir skatta	303,0	314,7	284,5	195,3	1.146,7
Tekjuskattur	(57,9)	(60,1)	(54,9)	(35,7)	(225,3)
Heildarafkoma tímabilsins	245,1	254,6	229,6	159,6	921,4
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	525,3	528,5	518,9	469,4	467,1
Efnahagur	30.06.15	30.06.14	30.06.13	30.06.12	30.06.11
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	4.213,9	4.006,3	3.547,9	3.492,6	3.540,7
Veltufjármunir	3.438,2	3.236,7	3.244,5	2.571,5	2.382,0
Eignir	7.652,1	7.243,0	6.792,4	6.064,1	5.922,7
Eigið fé	4.205,8	3.804,8	3.338,5	2.831,3	2.448,5
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	508,4	495,6	477,8	458,0	427,1
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.135,3	2.282,7	2.310,0	2.431,9	2.471,3
Skammtímaskuldir	1.311,0	1.155,5	1.143,9	800,9	1.002,9
Skuldir	3.446,3	3.438,2	3.453,9	3.232,8	3.474,2
Eigið fé og skuldir	7.652,1	7.243,0	6.792,4	6.064,1	5.922,7
Kennitölur					
EBITDA	526,9	532,2	523,8	471,4	467,8
Innra virði	8,3	7,7	7,0	6,2	5,7
Veltufjárhlutfall	2,6	2,8	2,8	3,2	2,4
Eiginfjárhlutfall	55%	53%	49%	47%	41%



Reykjavík, 25. ágúst 2015.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri árshelmingi 2015

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 5.712 m.kr. og minnka um 1% milli ára.**
- **245 m.kr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 255 m.kr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 527 m.kr. en 532 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 4.206 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 55%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjagarði hf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2015 var 245 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 255 m.kr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er 4.206 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 5.712 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2015, en 5.757 m.kr. á sama tíma árið áður og lækka því um 1%. Aðrar tekjur voru 2 m.kr. en 11 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.307 m.kr. en 3.469 m.kr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um tæp 5%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæp 9% og afskriftir óbreyttar. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 370 m.kr., en 375 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 527 m.kr. en var 532 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 4 m.kr. en árið áður jákvæð um 14 m.kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 63 m.kr., en voru 74 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 58 m.kr., en 60 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 245 m.kr. en 255 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 525 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2015, samanborið við 529 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2014. Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 7.652 m.kr. og eiginfjárlutfall 55%. Veltufjárlutfall var 2,6 á fyrri hluta ársins 2015, en 2,8 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri árshelmingi 2015 fyrir 288 m.kr. en 251 m.kr. á sama tímabili árið áður. Seldar voru eignir fyrir 3 m.kr. Á fyrri árshelmingi var m.a. fjárfest umtalsvert í nýjum vélbúnaði fyrir kjötvinnslu, auk endurbóta á húsnæði.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2015 var í aprílmánuði greiddur 11,0% arður af B-deild stofnsjóðs alls 20 m.kr. og reiknaðir 5% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 16 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Sláturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2015 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Viðurkenndir ráðgjafar félagsins (e. Certified Advisors) eru Ágúst H. Ólafsson og Árni Jón Árnason hjá Deloitte – first-north@deloitte.is. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2015 þann 18. febrúar 2016.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 55% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,6. Langtímatímaskuldir í lok júní 2015 voru 1.813 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 91 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma sem tryggir lága árlega greiðslubyrði.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi neikvæðum áhrifum af innflutningi á kjöti á rekstur afurðahluta félagsins. Einnig ríkir nokkur óvissa með afsetningu á hluta kindakjötsafurða sem falla til í haust og verðþróun á erlendum mörkuðum.



Staða lykilvermerkja félagsins í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Samt sem áður er reiknað með að erfiðar markaðsaðstæður á kjötmarkaði hafi áfram neikvæð áhrif á afkomu kjötiðnaðar á árinu.

Matvöruhloti innflutningsdeildar stendur vel. Með nýjum viðskiptasamböndum hefur vöruúrval verið aukið til áframhaldandi vaxtar. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði fyrir helstu rekstrarvörur bænda. Sala á Yara áburði til bænda gekk vel á fyrri hluta ársins og sala á dlg kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum eykst stöðugt.

Fjárhagsdagatal

Júlí – desember 2015 uppgjör
Aðalfundur 2016

18. febrúar 2016
18. mars 2016

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is